

mann á Laufásveg 59 hjer í bænum, fyrir laxveiðiafnot, sem hún taldi hann hafa í Stóru-Þverá. Þetta útsvar hefir hann neitað að greiða og því hefir hreppsnefndin krafist þess að það verði tekið lögtaki hjá honum. Það er upplýst í málinu að árið 1918, eða þar um bil, leigðu jardeigendur, sem land eiga að Stóru-Þverá í Hvítársíðu, stórkaupmanni Gran í Bergen veiði alla í ánni; en árið 1921 fjekk gjörðarþoli rjett þennan framseldan, tilkynti jardeigendum það og hefir einatt síðan komið fram sem rjett-hafi gagnvart þeim, greitt leigu og sumpart stundað veiði í ánni, sumpart leigt hana öðrum og ómótmælt haft af því riflegar tekjur. Umboðsmaður gjörðarþolans mótmælir framgangi lögtaksgjörðarinnar af þeim ástæðum að hann telur útsvarið ólöglega lagt á umbjóðanda sinn vegna þess að gjörðarþoli hafi framselt einum og öðrum afnotarjettinn, þeir stundað veiðina í ánni og á þá beri að leggja útsvarið.

Það verður að teljast viðurkent að gjörðarþoli sje samkvæmt fyrgreindum samningi, sem honum var framseldur, rjett-hafi laxveiðiafnota í Stóru-Þverá og hafi notfært sjer þau með því, meðal annars, að leigja öðrum veiðina í ánni og verður það einnig að áliti rjettarins að teljast veiðiafnot enda er því haldið fram að gjörðarþoli hafi og sumpart sjálfur stundað veiðina. Af þessum ástæðum verður fógætarjetturinn að vera þeirrar skodunar að útsvarið sje löglega álagt samkvæmt 1. gr. 4 mgr. laga nr. 29 frá 19. júní 1922.

Miðvikudaginn 11. nóv. 1925.

Nr. 31/1925.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Gísli J. Johnsen (Jón Ásbjörnsson).

Útsvarsmál.

Úrskurður fógætarjettar Vestmannaeyja 11. mars 1925: Hin umbeðna gjörð á ekki fram að fara.

Dómur hæstarjettar.

Atvik þessa máls eru þau, að í marsmánuði 1924 kærðu þeir gjaldendur í Vestmannaeyjum útsvör sín

til bæjarsjóðs fyrir niðurjöfnunarnefnd kaupstaðarins og tóku útsvar stefnda til samanburðar. Niðurjöfnunarnefnd úrskurðaði að kærum þessum skyldi ekki sint og skutu kærendur þeim til bæjarstjórnar. Tók bæjarstjórnin málið fyrir á fundi 19. júlí s. á. Urðu þar þau úrslit að bæjarstjórnin lækkaði útsvar eins af kærendunum, hækkaði útsvar stefnda um 900 krónur, en frestaði úrskurði á hinum kærnum tveimur til framhaldsfundar 21. s. m. Á þeim fundi samþykkti svo bæjarstjórnin að hækka útsvar stefnda enn um 1500 kr. Þessa síðari útsvarshækkun hefir stefndi ekki viljað greiða og er mál þetta risið útaf henni. Krafðist bæjarstjórnin lögtaks á umgetnum 1500 kr. en með úrskurði uppkveðnum 11. mars þ. á. neitaði fógetinn um lögtakið.

Það er upplýst í málinu að stefnda var eigi, svo sem fyrir er mælt í 22. gr. l. 26, 22. nóv. 1918, gefinn kostur á að segja álit sitt um umgetnar kærur áður en niðarjöfnunarnefnd og bæjarstjórn feldu úrskurð sinn um þær. Það er ennfreður upplýst að kærum þeim, er úrskurðaðar voru á bæjarstjórnarfundinum 21. júlí, var skotið til bæjarstjórnar eftir að liðinn var frestur sá, er getur um í 5. málsg. nefndrar lagagreinar. Af þessum ástæðum, og án þess að til athugunar komi hvort bæjarstjórninni, eftir að hún hafði lagt úrskurð á útsvar stefnda 19. júlí, væri heimilt að hækka það síðar, ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Málkostnað í hæstarjetti þykir rjett að áfrýjandi greiði stefnda með 150 krónum.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað. Áfrýjandi bæjarstjórn Vestmannaeyja greiði stefnda

Gísla J. Johnsen málskostnað í hæstarjetti með 150 krónum að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Það má telja upplýst að bæjarstjórn Vestmannaeyja hafi á fundi sínum 19. júlí f. á. úrskurðað að útsvar gjörðarþola skyldi hækka um 900 krónur og að þetta hafi hún bygt á framkomnum samanburðarkærum. Einnig má telja upplýst að, er hún á fundi sínum 21. s. m. hækkaði útsvarið um 1500 krónur í viðbót við áðurnefndar 900 krónur, hafi ekki legið fyrir henni önnur gögn í þessu máli, en á fundinum 19. s. m. Með tilliti til reglunnar í 40. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 10. nóv. 1925 verður að líta svo á, að ef bæjarstjórn ekki telur nægjanlegar upplýsingar liggja fyrir sjer útaf framkomnum kærum, þá beri henni að fresta að kveða upp úrskurð sinn þangað til frekari skýrslur eru fengnar. En kveði hún upp úrskurð þá sje hann endanlegur. Þegar af þessari ástæðu verður krafa gjörðarbeiðanda ekki tekin til greina.

Föstudaginn 13. nóvbr. 1925.

Nr. 70/1924.

Jón Laxdal (L. Fjeldsted)
gegn

Franz A. Andersen (Jón Ásbjörnsson).

Reikningskilamál.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. apríl 1924: Stefndur, Jón Laxdal, greiði stefnandanum, Franz A. Andersen, 2224 krónur 41 eyri með 6% ársvöxtum frá 1. október 1923 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar með stefnu dags. 30. des. f. á. samkv. áfrýjunarleyfi 23. s. m.